


FÍB leggur til að **kílómetragjald** komi í stað núverandi tekjuöflunar ríkisins af notkun ökutækja




Kílómetragjaldið ræðst af tvennu

Umhverfisáhrifum viðkomandi ökutækis og álagi þess á vegakerfið.

Losun koltvísýrings (CO₂) hefur umhverfisáhrif.

Þyngd ökutækis veldur álagi sem slítur vegakerfinu.






Hvers vegna gjald vegna losunar koltvísýrings (CO₂)?

Draga þarf úr losun koltvísýrings (CO₂) með orkuskiptum í samgöngum.

Umhverfisgjald vegna losunar CO₂ hvetur til orkuskipta.

Þeir borga sem menga.



Hvers vegna gjald vegna þyngdar?

Þyngd ökutækis hefur mest að segja um slit þess á vegum landsins.

Með álagsgjaldi er verið að borga fyrir nýframkvæmdir og viðhald vegakerfisins.



Tillaga FÍB um útreikning kílómetragjalds

Kílómetragjaldið er samanlagt umhverfisgjald og álagsgjald

Þessi gjöld eru breytileg eftir gerð og stærð bíls. Hreinir rafbílar borga ekkert umhverfisgjald, en allir bílar borga álagsgjald.

Formúla umhverfisgjalds er losun CO₂ deilt með veginni meðallosun allra ökutækja (152,2 g/km) margfaldað með 6.

Formúla álagsgjalds er heildarþyngd bílsins, deilt með veginni meðal heildarþyngd allra ökutækja (2.870 kg) margfaldað með 5.

Losun CO₂ og heildarþyngd eru þekktar stærðir, skráðar fyrir langflest ökutæki hjá Samgöngustofu.

Útreikningur kílómetragjaldsins

Formúlan	CO ₂ losun viðkomandi bíls	Heildarþyngd viðkomandi bíls
Deilt með	152,2 g/km vegin meðallosun allra ökutækja á Íslandi	2.870 kg vegin meðalþyngd allra ökutækja á Íslandi
Margfaldað með	6	5
Útkoma	Umhverfisgjald	Álagsgjald
Umhverfisgjald + álagsgjald = kílómetragjald		

Dæmi (rafbíll)	CO ₂ losun = 0	Heildarþyngd 2.650 kg
Deilt með	0/152,2	2650/2.870
Margfaldað með	= 0 * 6	= 0,93 * 5
Útkoma	0	4,62
Kílómetragjald 4,62 kr.		



Álestur og innheimta



Bíleigendur gera **áætlun** sem er leiðrétt við álestur.

Álestur fari til dæmis fram við árlega skoðun, á verkstæðum, með eigin álestri, við skyndiskoðun, í tjónstilkynningum, við kaup og sölu og jafnvel sjálfvirkt.

Innheimt miðað við áætlun/álestur, svipað og fyrir rafmagn og hita.

Kílómetrastaða um áramót færð inn á skattframtal.

Skatturinn sjái um innheimtu með bankakröfu.

Kílómetragjald standi undir tekjuöflun ríkisins af notkun ökutækja



Tekjur af notkun ökutækja eru áætlaðar um **50 milljarðar króna** (með vsk) á fjárlögum 2023. Kílómetragjald samkvæmt tillögu FÍB skilar ríkissjóði svipuðum eða meiri tekjum.

Álögur ríkissjóðs verða lítið breyttar fyrir langflesta bíleigendur. Þeim sem taka þátt í fjármögnun vegakerfisins fjölgar.




Skattlagning (vörugjöld o.fl.) á innflutning nýrra bíla verði óbreytt.



Kílómetragjaldið getur staðið undir fjárfrekum nýframkvæmdum í vegakerfinu og komið í stað sértækrar og óhagkvæmrar staðbundinnar gjaldtöku.



Ný brú yfir Ölfusá




Hringvegur yfir Hornafjarðarfljót



Nýr vegur um Öxi



Kílómetragjaldið getur staðið undir samgöngubótum á höfuðborgarsvæðinu og komið í stað óhagkvæmrar og óvinsællar innheimtu vegatolla.



Dæmi: Hyundai Tucson

Dísil, árgerð 2017



CO ₂ losun g/km	Heildarþyng kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
156	2.250	6,10 kr	3,90 kr	10,10 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
70.700 kr	101.000 kr	151.500 kr	202.000 kr	252.500 kr

Dæmi um áhrif: Meðaleyðsla 9 lítrar á hundraðið, 1.350 lítrar á ári miðað við 15.000 km akstur.

Árlegt bifreiðargjald 32 þús. kr.

Hlutur ríkissjóðs í lítra af dísil 106 kr.

Samtals núverandi hlutur ríkissjóðs **175.000 kr.**



Dæmi: Ford Focus

Bensín, árgerð 2021



CO ₂ losun g/km	Heildarþyngd kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
140	1.905	5,56 kr	3,32 kr	8,88 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
61.600 kr	88.000 kr	132.000 kr	176.000 kr	220.000 kr.



Dæmi: Volvo XC40

Rafmagn, árgerð 2021



CO ₂ losun g/km	Heildarþyngd kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
0	2.650	0 kr	4,62 kr	4,62 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
32.340 kr	46.200 kr	69.300 kr	92.400 kr	115.500 kr.



Dæmi: Mitsubishi Outlander

Blandað (tvinn), árgerð 2016



CO ₂ losun g/km	Heildarþyngd kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
42	2.340	1,70 kr	4,10 kr	5,70 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
39.900 kr	57.000 kr	85.500 kr	114.000 kr	142.500 kr



Dæmi: Audi A3

Bensín, árgerð 2019



CO ₂ losun g/km	Heildarþyngd kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
117	1.955	4,60 kr	3,40 kr	8,00 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
56.000 kr	80.000 kr	120.500 kr	160.000 kr	200.000 kr



Dæmi: Land Rover Defender

Dísel, árgerð 2022



CO ₂ losun g/km	Heildarþyng kg	Umhverfisgjald á km	Álagsgjald á km	Kílómetragjald alls
200	3.200	7,90 kr	5,60 kr	13,50 kr.
Kílómetragjald miðað við árlegan akstur				
7.000 km	10.000 km	15.000 km	20.000 km	25.000
94.500 kr	135.000 kr	202.500 kr	270.000 kr	337.500 kr

